

Mánudaginn 24. júnímán.

Nr. 10/1889

Landssjóðurinn

gegn

Magnúsi presti Jónssyni.

D ó m u r :

Sök þessi er höfðuð í hjerði eptir ráðstöfun landshöfðingjans yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins gegn hinum stefnda, Magnúsi presti Jónssyni í Laufási, út af ógreiddum árgjöldum af Laufássprestakalli fyrir fardaga-árin 18⁸³/₈₄—18⁸⁷/₈₈, að upphæð alls 2000 kr., og var hún dæmd í aukarjetti Þingeyjarsýslu hinn 30. nóvembermán. f. á., á þá leið, að hinn stefndi var sýknaður í málinu, og að landssjóður var dæmdur til að greiða 50 kr. í málskostnað «sem og annan kostnað málsins, þar á meðal 40 kr. til hins skipaða sækjanda cand phil. Skapta Jósepsonar». Þessum aukarjettardómi hefur landshöfðinginn fyrir hönd landssjóðsins látið skjóta til yfirdómsins með stefnu út gefinni 5. febr. þ. á., og eru það kröfur áfrýjanda í málinu hjer fyrir rjettinum, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða landssjóði 2000 kr. með 5⁰/_o vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags, og allan kostnað málsins í hjerði og fyrir yfirdómi með 325 kr. — Þessum kröfum áfrýjanda hefur hinn stefndi með skýrskotun til varnar sinnar í hjerði mótmælt, sjerstaklega málskostnaðarkröfunni.

Hinum stefnda, Magnúsi presti Jónssyni, var veitt Laufássprestakall 21. marz 1883 frá næstu fardögum á eptir; hafði prestakallið verið auglýst til umsóknar 29. janúarmán. næst á undan, og er þess getið í auglýsingunni, að samkvæmt lögum 27. febr. 1880 «skuli greiða

400 kr. árlega í landssjóð af þessu brauði», en í nýnefndum lögum segir svo í 1. gr. tölul. 127: «Frá þessu brauði (o: Laufási) greiðast 400 kr.» Hinn stefndi hefur þó ekkert greitt upp í árgjöld þessi frá því að hann tók við brauðinu í fardögum 1883 og til fardaga 1888, eða í samfleytt 5 ár, og er hann nú fyrir því krafinn um 5 ára gjöld, samtals 2000 kr.

Hinn stefndi hefur haldið því fram, að landssjóður eigi ekki sókn máls þessa, því að prestakallalögin 27. febr. 1880 kveði svo á, að árgjöldin skuli greiða frá einu brauði til annars sem mest með fasteignum eða afgjaldi fasteigna, en hvergi skipi þau svo fyrir, að gjöldin skuli renna í landssjóð. Þó að prestakallalögin gjöri ráð fyrir, að greiða skuli árgjöldin þannig frá einu brauði til annars, þá hafa þau þó eigi sett neinar reglur fyrir hin einstöku prestaköll um það, hverju öðru prestakalli árgjald þess skuli greiðast og í hvaða aurum, en það er ætlað landsstjórninni að skipa fyrir um þetta. Þangað til slík fyrirskipun er gjörð af rjettum stjórnarvöldum, stendur hinn almenni og sameiginlegi sjóður landsins næst til þess að innheimta gjöldin, og er það í samræmi við ákvörðunina í 5. grein laganna, um að greiða skuli úr landssjóði tillag og uppbót til brauða, sem laus eru eða síðar losna, meðan hin nýja brauðaskipun er að komast á, enda eru «tillög frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880» talin með tekjum landssjóðsins í fjárlögum þeim, sem síðan hafa verið gefin út, sbr. t. d. fjárlögin fyrir árin 1882–1883, 5. gr. 1. tölul. Það verður því að álíta landssjóð rjettan sóknaradila í máli þessu.

En það er aðal-sýknaðstæða hins stefnda í málinu, að með því að Laufássprestakall hafi, eptir að hann

var skipaður prestur þar, misst af árlegum tekjum sínum fullar 400 kr., þar sem varphólmi, sem gaf af sjer þennan arð árlega, hafi verið dæmdur undan brauðinu með landamerkjadómi 20. sept. 1883 og yfirrettardómi 18. jan. 1886, þá hljóti hann nú að vera laus við að greiða árgjaldið af brauðinu, sem ákveðið hafi verið, áður en það missti varphólmann, þannig, að einmitt hafi verið tekið tillit til arðsins af honum. En þó að árgjaldið af Laufássprestakalli hafi verið ákveðið með tilliti til arðsins af varpi Laufáss, eins og það þá var, og þar með hafi verið talinn arðurinn af hinum umrædda varphólma, sem nokkrum árum síðar var dæmdur undan brauðinu, þá er þó engin heimild til þess að undanþiggja prestakallið eða beneficiarius greiðslukvöð þeirri, sem á það er lögð með prestakallalögunum 27. febr. 1880, 1. gr. tölul. 127, meðan lagaákvæði þessu eigi er breytt af löggjafarvaldinu, en þótt hvað eptir annað hafi verið gjörð tilraun til þess að fá alþingi til þess að samþykkja breytingar á þessari grein prestakallalaganna, þá hefur öllum lagafrumvörpum í þá átt hingað til verið hrundið. Samkvæmt því sem þannig er tekið fram verður að dæma stefnda til að greiða landssjóði hin umræddu árgjöld af Laufássprestakalli fyrir árin 18^{83/84}—18^{87/88}, 2000 kr., með vöxtum 5^o frá dagsetningu sáttakærunnar, 6. ágústmán. f. á., unz borgað er; eptir þessum úrslitum málsins ber stefnda og að greiða áfrýjanda málskostnað eptir reikningi hans, að upphæð 325.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Magnús prestur Jónsson, á að greiða landssjóði Íslands 2000 kr., — tvö þúsund

krónur — með vöxtum 5 af hundraði frá 6. ágúst-
mán. 1888 unz borgað er, og 325 kr. í málskostna-
að, hvorttveggja innan 8 vikna frá lögbirtingu
dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júlímán.

Nr. 15 1889

B. H. Bjarnason

gegn

Magnúsi Þórarinssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað af áfrýjandanum, fyrrum kaup-
manni B. H. Bjarnasyni í Reykjavík, fyrir gestarjetti
Kjósar- og Gullbringusýslu, með stefnu dags. 11. júní
f. á., gegn stefnda, Magnúsi bónda Þórarinssyni á Mið-
húsum í Garði, til lúkningar verzlunarskuld, að eptir-
stöðvum 320 kr. 71 e., og var það dæmt í nefnd-
um rjetti 27. okt. f. á., þannig, að ef stefndi treysti
sjer til að synja fyrir það með eiði, að tiltekin skuldar-
upphæð hefði staðið í skuldabryggi, er hann útgaf til á-
frýjanda 13. okt. 1886, þá er hann skrifaði undir það,
skyldi hann greiða áfrýjanda 20 kr. 11 a. með 5%
vöxtum frá 11. júní f. á. til borgunardags og máls-
kostnaður þá falla niður, en að öðrum kosti skyldi hann
greiða áfrýjanda alla hina umstefndu skuld, 320 kr. 71
e., auk vaxta, og 20 kr. í málskostnað.

Áfrýjandi hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að
stefndi verði skilyrðislaust dæmdur til að greiða sjer
320 kr. 71 e. með 5% vöxtum frá 11. júní f. á. til
borgunardags og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi
eptir mati rjettarins, en stefndi hefur aptur á móti